



Tæknifyrirtækin vaxa hraðast í sjávarklasanum

Enn eitt árið er vöxtur sumra tæknifyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi á Íslandi hreint ævintýrlegur. Yfir heildina er vöxtur greinarinnar svipaður og árin á undan eða um 10–12%. Í þessari sjöttu árlegu samantekt Sjávarklasans á umfangi tæknifyrirtækja í klasanum verður fjallað um þróunina og horfur í greininni.

Árið 2017 var á margan hátt gott hjá tæknifyrirtækjum sem tengjast sjávarútvegi, ekki síst á meðal þeirra sem vaxið hafa hvað hraðast á undanförnum 3–5 árum. Eins og nefnt hefur verið áður í greiningum klasans virðast stærri rekstrareiningar vera betur í stakk búnar til að keppa á alþjóðavettvangi. Þannig er hægt að bjóða heildstæðari lausnir, auka þróunarvinnu, og markaðssetningu og sinna betur þjónustu við viðskiptavinum víðs vegar um heiminn.

Mjög ólíkar ástæður eru fyrir uppgangi tæknifyrirtækja. Sum hafa vaxið hratt í tækni fyrir fiskeldi, önnur í heildstæðum lausnum fyrir landvinnslu í hvít- eða uppsjávarfiski eða skipum. Enn önnur bjóða sérhæfðar lausnir í upplýsingatækni, vöktun, kælingu ofl sem hlotið hafa góðan hljómgrunn.

Tæknilausnir í hvítfiski hafa reynst góðar undirstöður fyrir þróun tæknibúnaðar fyrir eldisfisk. Ólíkt öðrum vexti tæknifyrirtækja hefur uppgangurinn í fiskeldistækni ekki verið nema að takmörkuðu leyti knúinn áfram af innlendra eftirspurn heldur góðu samstarfi við m.a. norsk fiskeldisfyrirtæki. Íslensku fiskeldisfyrirtækin eru þó að komast á þann stað að líklegt má telja að innan fárra ára muni þau verða komin með umtalsverða vinnslu hérlendis og í því felast ýmis tækifæri fyrir tæknifyrirtækin.

Enn og aftur reynist afar þýðingarmikið hversu ríka áherslu íslensk útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki leggja á tækniframfarir og nýjungar. Sú þróunarvinna, sem unnin hefur verið hérlendis í samvinnu útgerða og tæknifyrirtækja, leiðir ekki aðeins til aukinna gæða og framleiðniaukningar í sjávarútvegnum heldur opnar dyr fyrir íslensk tæknifyrirtæki að kynna framúrskarandi nýjungar á erlendum vettvangi.

Ljóst er að rannsóknarsjóðir og rannsóknastofnanir hafa spilað stórt hlutverk við að efla tæknifyrirtækin. Sjóðir á borð við Rannís og AVS hafa komið mörgum verkefnum á koppinn og náin samvinna tæknifyrirtækja við Matís og háskóla hefur einnig skilað sér af krafti.

Stærstu fyrirtækin í tæknigeiranum eru sem áður Marel, Hampiðjan og Skaginn3X. Þarna á eftir koma síðan önnur hraðvaxandi tæknifyrirtæki á borð við Curio og Völku. Samkvæmt athugun klasans er velta þessara fimm fyrirtækja tæplega 40 milljarðar króna (sé aðeins horft til starfsemi þeirra er lýtur að sjávarútvegnum greinum). Þessi fyrirtæki velta því svipað og öll 60 tæknifyrirtæki sjávarklasans veltu í upphafi áratugarins. Fyrirtækin sem þarna koma á eftir eru m.a. fyrirtæki í kælingu. Eins og áður segir var veltuaukning hjá öllum stærstu tæknifyrirtækjunum og í sumum tilfellum var hún mæld í tugum prósentu.

Samkvæmt athugunum Sjávarklasans eru um 65 tæknifyrirtæki í landinu sem sinna sjávarútvegi og bjóða tækni sem þróuð er af fyrirtækjunum sjálfum. Þau 60 fyrirtæki sem koma á eftir þeim 5 stærstu velta samanlagt um 30 milljörðum.

Klasinn fékk upplýsingar frá 20 þessara fyrirtækja og er áætlað að veltuaukning minni fyrirtækjanna sé um talsvert minni en þeirra stærstu. Sum þeirra vaxa um mörg hundruð prósent á meðan stór hópur stendur í stað. Að mati Sjávarklasans eru enn mikil tækifæri í samvinnu og samruna minni tæknifyrirtækja.

Minni fyrirtæki með áhugaverðar lausnir hafa sum hver vaxið umtalsvert. Athygli vekur einnig að mun minna er um stofnun nýrra tæknifyrirtækja og skýringuna er væntanlega að finna í því að stærri fyrirtækin bjóða fleiri atvinnutækifæri fyrir tæknifólk; einstaklinga sem ugglaust hefðu sett á laggirnar sín eigin fyrirtæki ef góð tækifæri væru ekki fyrir hendi í starfandi fyrirtækjum í iðnaðinum. Nýliðun er mikilvæg en miðað við þá nýsköpun sem á sér stað í tæknifyrirtækjunum er ekki hægt að segja að skortur á nýjum frumkvöðlafyrirtækjum hafi hamlað nýsköpun. Klasinn vill þó áfram sjá ný fyrirtæki verða til sem geta hrist upp í geiranum og eflt samkeppni.

Störfum fjölgar

Í fyrstu greiningum klasans á tæknifyrirtækjum var ljóst að vöxtur var mikill en störfum fjölgaði ekki að sama skapi. Ljóst var að eftir mögur ár var svigrúm til að nýta tækjabúnað og mannafla tæknifyrirtækjanna betur. Síðustu misseri hafa þó einkennst af töluverðri fjölgun starfsmanna, stækkun húsnæðis ofl. Það á aðallega við um þau fyrirtæki sem velta mestu og einnig minni fyrirtæki sem voru einmenningsfyrirtæki fyrir 2-3 árum en eru núna með 5-8 starfsmenn.

Hátækni bætir samkeppnisstöðu

Ekki er langt síðan algengt var að íslensku tæknifyrirtækin stunduðu harða samkeppni á erlendum mörkuðum, undirboð voru algeng og álagning lítil. Þá voru erlendar eftirlíkingar algengar. Með aukinni hátækni í vinnslu hefur reynst erfiðar fyrir fyrirtæki að búa til eftirlíkingar af tækni annarra. Aukin hátækni og hagræðing sem af henni hlaut er einnig helsta ástæða fyrir því að álagning jókst og afkoman batnaði.



Endurnýjun skipa skapar tækifæri

Sú bylgja sem orðið hefur í endurnýjun skipa hérlendis og samstarf útgerða við íslensk tæknifyrirtæki varð án efa uppspretta þeirra tækifæra sem nú eru að bjóðast tæknifyrirtækjunum í skipasmíði erlendis. Mikill áhugi er fyrir íslenskum lausnum í endurnýjun skipa í Evrópu, Rússlandi og Bandaríkjunum.

Samvinna og ráðgjöf eykst

Afar jákvæð þróun hefur orðið með aukinni samvinnu einstakra tæknifyrirtækja. Í því sambandi má nefna fyrirtækið Knarr sem er samvinnuverkefni nokkurra tæknifyrirtækja í skipatækni og vinnslu um borð, samstarf um hönnun rafskipa og samstarf um verkefni í þróunarlöndum. Önnur jákvæð teikn eru aukning í alþjóðlegri ráðgjöf á sviði sjávarútvegs. Hér eru mikil tækifæri sem munu aukast á komandi árum. Utanríkisráðuneytið hefur beitt sér fyrir aukinni samvinnu ráðgjafa á þessu sviði hérlendis sem vonandi skilar sér á næstu árum. Tæknifyrirtæki á borð við Fisheries Technologies, Trackwell, Ocean Excellence auk verkfræðifyrirtækja á borð við Mannvit munu ugglaust geta nýtt sér aukinn áhuga opinberra aðila á því að koma á tengslum á þessu sviði.

Liggja tækifæri í bálkakeðjum og rekjanleika?

Ný tækni mun áfram ryðja sér til rúms í sjávarútvegi eins og öðrum greinum. Kannski má segja að ekki verði mikið lengra gengið í bættri vinnslutækni. Að minnsta kosti er ólíklegt að bæta megi nýtingu flaka jafn mikið og ný tækni hefur gert undafarin 20 ár. Ný tækni mun snúa að meiri gæðum, rekjanleika, viðskiptum með fisk, markaðs- og sölumálum, umhverfistækni ofl. Þarna hafa Íslendingar mikil tækifæri sem þarf að nýta. Efling tæknifyrirtækja á þessum sviðum og samstarf útgerða og öflugra upplýsingatæknifyrirtækja er mikilvægt á þessu stigi.

Mörg tækifæri en þó áfram blikur á lofti

Áskoranir fyrir tæknifyrirtæki í sjávarklasunum á Íslandi eru þær sömu og annarra. Innlendur kostnaður er hár og gjaldmiðillinn er sterkur. Þá hefur reynst vandkvæðum bundið að finna tæknifólk til að starfa hjá þessum fyrirtækjum og sum þeirra brugðið á það ráð að sækja vinnuafnlendis sem reynst hefur vel. Einhvern veginn þurfa Íslendingar að skapa meiri stemmingu fyrir tækninámi hjá ungu fólki enda bjóðast góð laun og áhugaverð verkefni. Nokkur þýðingarmikil verkefni eru í gangi á þessu sviði hjá aðilum eins og Samtökum iðnaðarins sem ber að fagna.

Meira en þorskurinn

Sjávarklasinn hefur spáð því um nokkurt skeið að þess verði ekki langt að bíða að útflutningur tæknibúnaðar og þekkingar í sjávarútvegi verði meiri en útflutningur á þorskflökun. Ef fram heldur sem horfir er líklegt að enn skemmri tíma taki fyrir tæknifyrirtækin að búa til meiri verðmæti úr tækniþekkingu Íslendinga en úr þorskflökum.

Nánari upplýsingar veita Þór Sigfússon og Berta Daniélsdóttir hjá Íslenska sjávarklasunum s 5776200.